

## 3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
  2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
  3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
  4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
- Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 126 7. mars 1978.

*Samgönguráðuneytið, 20. mars 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Guðjónsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 130 21. apríl 1976  
um gatnagerðargjöld í Kópavogi.**

## 1. gr.

Aftan við 1. mgr. 2. gr. bætist nýr liður svohljóðandi: „Opin skýli, sem reft er yfir ..... 1.5%“.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. mars 1979.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

**AUGLÝSING**

**um friðland við Gullfoss.**

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Gullfoss ásamt næsta nágrenni vestan Hvítár í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að austan ræður Hvítá, en Gullfoss er allur innan friðlandsins. Að sunnan og suðvestan að Selvörðu ræður girðing friðlandsins, en lega hennar er sem hér segir: